

Minnisblað

Til: Fræðslunefnd
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 6. mars 2023
Mnr. 2023030034



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - samningur um verkefnastjórn í samþættri þjónustu og kennsluráðgjöf

Í nóvember 2022 tók Sólveig Norðfjörð, annar skólasálfræðingurinn hjá Ísafjarðarbæ, að sér að verða verkefnastjóri við innleiðingu farsældarlaganna, einnig nefnt samþætt þjónusta. Sólveig vinnur einnig sem grunnskólafulltrúi í Kópavogi og heldur utan um innleiðingarferli á farsældarlögunum þar á bæ. Það er áskorun að innleiða ný verkefni á stórum vinnustað og því var mikilvægt að aðstoð frá manneskju sem hafði fetað þessa slóð. Sviðsstjórar skóla- og tómstundasviðs og velferðarsviðs voru sammála um að fá Sólveigu í verkið og hafa sviðin unnið vel saman að innleiðingunni. Ríkið gefur sveitarfélögum 5 ár til að innleiða lögin frá og með 1. janúar 2023. Sveitarfélögin fá fjármagn með þessu verkefni og fær Ísafjarðarbæ rúmlega 1 milljón króna á mánuði sem skiptist 40/60 á milli velferðarsviðs og skóla- og tómstundasviðs. Það fjármagn vill skóla- og tómstundasvið nýta til að kaupa bæði þjónustu við verkefnastjórn sem og kennsluráðgjöf hjá sama aðila. Þannig er hægt að auka stuðning við skólana í sveitarfélaginu.

Kennsluráðgjöf

Það hefur verið ákall frá stjórnendum og fagaðilum í skólum á vegum Ísafjarðarbæjar að boðið verði upp á kennsluráðgjöf. Þessi þjónusta stendur til boða í flestum grunnskólum á landinu í töluverðan tíma en þó ekki í Ísafjarðarbæ, þar sem ekki er starfandi kennsluráðgjafi. Hlutverk kennsluráðgjafa er að styðja við starfsfólk skóla sem felst m.a. í athugunum á náms- og félagslegri stöðu nemenda og ráðgjöf vegna kennslu á náms nemenda. Vinnur hann í nánú samstarfi við nemendur, foreldra, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda. Hann veitir einnig ráðgjöf um starfsumhverfi og starfshætti skóla og tekur þátt í nýsköpunar- og þróunarstarfi í skólaumhverfinu.

Eins og áður hefur komið fram hefur skóla- og tómstundasvið rúmar 600 þúsund krónur til umráða á mánuði til að sinna samþættingu þjónustu við börn. Liður í því er að bjóða upp á fjölbreytta skólaþjónustu þar á meðal kennsluráðgjöf. Ljóst er að sú upphæð dugar ekki fyrir heilu stöðugildi en þó er hægt að nýta fjármagnið til að bjóða upp á kennsluráðgjöf og auka þannig þjónustu við börn, foreldra og starfsfólk skólanna. Sólveig Norðfjörð hefur verið skólasálfræðingur hjá Ísafjarðarbæ til margra ára og er mikil ánægja með hennar störf. Hún hefur unnið sem grunnskólafulltrúi í Kópavogsbæ og býr yfir viðamikilli reynslu á sviði skólaþjónustu. Það væri mikil lyftistöng fyrir Ísafjarðarbæ að geta aukið þjónustu sína og loksins boðið upp á kennsluráðgjöf.

Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs leggur til við fræðslunefnd að vísa samningu um samþætta þjónustu til bæjarstjórnar til samþykktar.

